

Jólin okkar

Fróðleikur og sagnir úr ýmsum áttum



Samantekt:

Helga Hauksdóttir
skóladeild Akureyrar
(Heimildir: Árni Björnson (1983). *Í jólaskapi*. Reykjavík: Bjallan
Pauli, Hertha (1943) *Heims um ból*. Reykjavík: Leiftur).

Aðventan

Aðventan byrjar fjórða sunnudag fyrir jóladag, á bilinu 27. nóvember til 3. desember. Með henni hefst svokallað kirkjuár, eða starfsár kirkjunnar.



Orðið aðventa er dregið af latneska orðinu adventus, sem merkir tilkoma, þ.e. koma Krists.

Í Suður-Þýskalandi fór fólk að útbúa aðventukransa á 19. öld. Síðan barst þessi siður norður eftir Evrópu en á Íslandi sáust ekki aðventukransar fyrr en eftir síðari heimsstyrkjöldina og þá fyrst sem skraut í einstaka verslunum og veitingahúsum. Þeir breiddust mjög hægt út og urðu ekki algengir fyrr en á milli 1960 og 1970.

Kertin fjögur á aðventukransinum tákna sunnudagana fjóra í jólaföstu.

Fyrsta kertið nefnist spádómskerti. Það minnir á fyrirheit spámanna Gamla testamentisins, sem höfðu sagt fyrir um komu frelsarans.

Annað kertið nefnist Betlehenskerti. Þá beinum við athyglini að borginni Betlehem þar sem Jesús fæddist.

Þriðja kertið nefnist hirðakerti. Fátækir og ómenntaðir fjárhirðar fengu fyrstir tíðindin góðu um fæðingu Jesú.

Fjórða kertið nefnist síðan englakerti. Það minnir okkur á þá sem fluttu fregnina um fæðingu frelsarans. „Yður er í dag frelsari fæddur.“

Aðventukertin

ljóð: Lilja Kristjánsdóttir

lag: S. Muri

Við kveikjum einu kerti á,
hans koma nálgast fer,
sem fyrstu jól í jötu lá
og Jesúbarnið er.

(spádómskerti)

Við kveikjum tveimur kertum á
og komu bíðum hans.
Því Drottinn sjálfur soninn þá
mun senda í líking manns.

(Betlehemskertri)

Við kveikjum þremur kertum á
því konungs beðið er,
þótt Jesús sjálfur jötu og strá
á jólum kysi sér.

(hirðakertri)

Við kveikjum fjórum kertum á,
brátt kemur gesturinn,
og allar þjóðir þurfa að sjá
að það er frelsarinn.

(englakerti)



Um jólatré

Elstu heimildir um skreytt tré í heimahúsum á jólum eru frá Suður-Þýskalandi á 16. öld en ekki eru nema um tvö hundruð ár síðan farið var að festa kerti á þessi grenitré.

Jólatréð barst til Norðurlanda nokkru eftir 1800. Allra fyrstu jólatrén munu hafa sést á Íslandi kringum 1850 og þá helst hjá dönskum eða danskmenntuðum fjölskyldum. Algeng urðu þau ekki fyrr en kom fram yfir aldamótin 1900.

Þar sem ekki er mikið um skóga á Íslandi og grenitré voru ekki mikið flutt inn voru flestar fjölskyldur með heimatilbúin tré. Trén voru oft búin til úr spýtum og vafin með lyngi.

Nú getum við bæði fengið íslensk og innflutt jólatré. Þær trjátegundir sem oftast eru notaðar sem jólatré er íslenskt blágreini, rauðgreini og fura. Nýlega er einnig farið að fella íslenskan fjallaþin sem jólatré. Af innfluttum jólatrjám kemur mest af normansþini frá Danmörku.





Helgisaga um jólatré

Einu sinni sendi Guð þrjá engla til að finna tré, sem hentaði sem jólatré. Þetta voru englar trúar, vonar og kærleika.

Þeir flugu af stað yfir fjöll og dali. Nýfallinn snjór lá yfir öllu og það stirndi á hann í stjörnuskininu. Á leðinni töluðu þeir um hvers konar tré þeir ættu að velja.

Engill trúarinnar sagði: „Tréð sem ég kys, á að vera beinvaxið og toppur þess á að teygja sig í átt til himins. Það á að bera krossins tákn á greinum sínum.“

Engill vonarinnar sagði: „Ég kys það tré, sem visnar aldrei, heldur er grænt bæði sumar og vetur.“

Engill kærleikans brosti blíðlega og sagði: „Það tré sem ég kys á að vera vinalégt tré, sem breiðir út greinar sínar og gefur skjól, öllum smáfuglunum í skóginum.“

En hvaða tré varð svo fyrir valinu?

Grenitréð var valið, því það hafði krossins tákn á greinum sínum, það var sígrænt allt árið um kring og það veitti fuglum himinsins skjól.

Þegar englarnir höfðu fundið tréð, vildi hver þeirra gefa því gjöf. Engill trúarinnar gaf því skínandi jólaljós, sem á að minna á hann, sem er ljós heimsins. Engill vonarinnar setti gullstjörnu á toppinn og engill kærleikans hlóð gjöfum við fót þess.





Heims um ból

Hverfum rúmlega 180 ár til baka - til ársins 1818 - til ævagamals sveitaparps í dalverpi í austurrísku Ölpunum. Eftir miðju þorpinu rennur straumpung á. Skammt frá henni stendur hvít kirkja, hrörleg og ellileg. Turn hennar er hár með

rauðum toppi. Allt í kring eru lágreist bændabýli, dreifð eins og litlir kjúklingar í kring um stóra hvíta hænu með rauðum kambí. Og sum býlin standa hærra - uppi í fjallshlíðunum. Þarna bjuggu bændur og fáeinir handiðnamenn. Í öllu þorpinu voru aðeins 2 menntamenn, presturinn sr. Jósep Mohr og kennarinn Franz Xaver Gruber, sem einnig var orgelleikari í kirkjunni. Ungir menn og aðfluttir og góðir vinir, er hittust hvern sunnudag og sungu saman. Gruber söng bassa, sr. Mohr tenór og hann lék undir á gítar. Orgel áttu þeir ekki fremur en annan veraldlegan auð. Og börnin í þorpinu stóðu fyrir utan prestsetrið, hlustuðu, kinkuðu kolli hvert til annars og sögðu: Nú syngja þeir saman, presturinn og kennarinn. Kirkjuorgelið var í ólagi og orgelsmiðir, sem gerðu við þessi dýrmætu hljóðfæri, voru fáir, og leita þurfti langt til þess að fá einn slíkan.

Á aðfangadag jóla árið 1818 var sr. Mohr einn í skrifstofu sinni. Þá var barið að dyrum. Bóndakona úr fjöllunum, með grófgert skjal yfir herðum, stóð úti fyrir. Kveðja hennar var: Jesús Kristur sé lofaður. Hún sagði sr. Mohr, að barn hefði fæðst í húsi fátæks kolagerðarmanns og foreldrarnir vildu, að presturinn kæmi og veitti því blessun sína svo að það mætti lifa og dafna. Sr. Mohr fór með konunni. Þau komu að hrörlegum kofa. Þar logaði dauft ljós, ung kona lá þar inni, brosandi og sæl með nýfætt barn í örmum sínum. Sr. Mohr veitti móður og barni blessun, gekk síðan heim á

leið niður fjallshlíðina. Þessi atburður á jólanótt hafði mikil áhrif á hann. Honum fannst dásemd jólanna hafa borið fyrir augu sín í litla fjallakofanum, og sál hans fylltist friði. Niðri í dalnum blikuðu blysbændanna, sem voru á leið í kirkju, þar sem sr. Mohr hélt hátíðlega guðspjónustu um miðnættið.

Um nóttina varð hann andvaka - og hann færði í búning það, sem gerst hafði - hann orti sálminn: Stille nacht, heilige nacht, sex erindi. Um morguninn fór hann að hitta Gruber vin sinn og bað hann að semja lag við þetta litla ljóð. "Þetta er jólasálmurinn, sem okkur vantaði. Guð sé lof," sagði Gruber og tók strax til við að semja lagið. Skömmu síðar sungu þeir vinirnir lag og ljóð, tvíraddað og léku undir á gítarinn. Og börnin stóðu fyrir utan og hlustuðu á nýja lagið. Þau voru söngelsk eins og austurríska þjóðin öll. Þarna höfðu þau eignast nýtt lag, þótt þau vissu ekki að þennan jóladag hafði orðið til sálmur, er átti eftir að fara um heimsbyggðina alla.

Nokkru síðar kom orgelsmiður til þorpsins og gerði við gamla kirkjuorgelið. vinirnir spiluðu og sungu sálminn sinn. Orgelsmiðurinn, sem var úr Zillerdal, hlustaði hugfanginn á, lærði lag og ljóð og flutti með sér heim í dalinn sinn. Þar söng hann fyrir börnin í dalnum, en þar var sönglistin mjög í hávegum höfð. Stasserbörnin sungu best og höfðu fegurstu söngraddirnar. Karólína, Jósef, Andrés og Amalía, litla hrokkinkollan. Strasserbörnin seldu gemsuskinnhanska, sem foreldrar þeirra bjuggu til. Þau sungu hvar sem þau komu og þau hófu söng sinn alltaf á laginu, sem þeim þótti svo fallett: Heims um ból. Þau sungu fyrir viðskiptavinina og eitt sinn var sönglistarstjóri konungsins af Saxlandi áheyrandi þeirra. Hann fékk þau til þess að syngja fyrir drottninguna og kónginn af Saxlandi, er hrifust af hinum fagra söng þeirra. Söngurinn var kallaður: Söngurinn himneski. Mörgum árum síðar barst hann til

Prússakonungs, sem vildi vita hver væri höfundur. Því höfðu allir gleymt. Nú hófst mikil leit. Ötulastur við þá leit var Ludwig Erk, hinn konunglegi sönglistarstjóri Prússakonungs. Að lokum bar einn leitarmanna hans, söngstjórann í Sankti Pétursklaustrinu, til þorps þeirra sr. Mohr og Franc Grubers. Sr. Mohr var þá dáinn, en sonur Grubers fræddi söngstjórann um, hver samið hefði lagið. Hann gekk þegar á fund Franz Grubers, sem þá var orðinn aldurniginn. Þannig komust nöfn þeirra vinanna í sálma- og helgibækur hins kristna heims. Og mynd þeirra beggja, höggvin í stein, prýðir nú einn vegginn í gömlu þorpskirkjunni þeirra.

(Pauli, Bertha.(1943). *Heims um ból*. Reykjavík:Leiftur / <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/580051/>)



Fyrsta erindið af sálminum Heims um ból er þannig á þýsku:

Stille Nacht,heilige Nacht
Alles schläfst, einsam wacht
Nur das traute hochheilige Paar
Holder Knabe im lockigen Haar
:/: Schlaf im himmlischer Ruh:/:

Sveinbjörn Egilsson, fyrsti rektor Menntaskólans í Reykjavík orti „Heims um ból“ árið 1849. Það er ekki þýðing á þýska textanum en frumtextinn er sex erindi. Helgi Hálfánarson, Matthías Jochumsson og Sigurjón Guðjónsson hafa allir þýtt sálm Josephs Mohr.

Þessa þýðingu gerði Helgi Hálfánarson:

Blíða nótt, blessaða nótt!
Blundar jörð, allt er hljótt.
Fátæk móðir, heilög og hrein
hljóðlát vakir, á lokkprúðan svein
:/: horfir í himneskri ró :/:

Blíða nótt, blessaða nótt!
Blikar skær stjarna rótt.
Hljómar englanna hátíðarlag.
Heimur fagnaðu! Þér er í dag
:/: frelsari fæddur á jörð:/:

Blíða nótt, blessaða nótt!
Heilagt barn brosir rótt.
Ást og mildi af ásjónu skín.
Enn er friðar að leita til þín,
:/: Kristur, kominn í heim :/:

Erläuterungen zu den kirchlichen Gesängen für 7 Stimmen, Max Schöberl, Band II - ca. 1830 Collection Lucifé, Bonn/Berlin
www.gutenberg.org
2007

Primo: Secondo: (Vox 2, 3 & 4 part)

Stille Nacht, heilige Nacht.
Weihnachtslied - Noël - Christmas Song

Andante.

Primo.

Andante.

Secondo.

Engillinn hjá Maríu

Í litlu þorpi, sem heitir Nazaret, bjó einu sinni ung kona sem hét María. Dag nokkurn kom sendiboði frá Guði, engill, til hennar.

Engillinn sagði: „Ég flyt þér blessun frá Guði. Guð er með þér.“ Hún varð hrædd og skildi ekki hvað þetta átti að þýða en engillinn sagði: „Vertu ekki hrædd María, Guð hefur ætlað þér mikilvægt hlutverk. Þú átt að verða móðir og eignast son. Hann á að heita Jesús. Hann mun verða konungur allra manna á öllum tímum.“

Þá spurði María: „Hvernig má þetta verða? Ég á engan mann.“ Engillinn svaraði: „Guði er ekkert ómögulegt.“ Þá sagði María: „Ég veit að Guð hefur ætlað mér mikilvægt hlutverk. Verði eins og Guð vill.“

Fæðing Jesú

Hinn voldugi keisari, Ágústus, sem var einnig keisari yfir landinu þar sem María átti heima, vildi fá að vita hve margt fólk væri í ríki hans. Hann sendi út boð um að hver og einn skyldi fara til ættborgar sinnar til að láta skrá sig. Þá væri hægt að telja hve margir ættu heima í þessu stóra ríki.



María ætlaði að giftast manni sem hét Jósef. Þau áttu bæði heima í Nasaret en voru ættuð frá Betlehem. Þess vegna urðu þau að ferðast þangað til þess að láta skrá sig. Ferðin gekk seint, því að þetta var rétt

áður en María átti að fæða barnið.

Þegar þau komust loks til Betlehem gátu þau hvergi fengið gistingu. Að lokum fengu þau húsaskjól í fjárhúsi. Þar fæddist Jesús. María bjó um barnið. Hún hafði enga vöggju handa því, svo að hún lagði það í jötu.

Fjárhirðarnir koma til Betlehem

Nóttina sem Jesús fæddist voru nokkrir fjárhirðar í grennd við Betlehem. Þeir vöktu yfir kindum sínum. Skyndilega stóð engill hjá þeim. Það ljómaði af honum. Fjárhirðarnir urðu mjög hræddir en engillinn sagði við þá: „Verið óhræddir! Ég er með gleðiboð til ykkar frá Guði. Í dag er Jesús fæddur, konungurinn sem Guð sendir til hjálpar öllum mönnun. Farið til Betlehem og leitið að honum. Þið munuð finna hann í fjárhúsi. Hann liggur í jötu.“

Allt í einu stóður margir englar hjá hirðunum. Englarnir sungu:

Dýrð sé Guði í upphæðum,
og velþóknun Guðs yfir mönnunum.

Síðan hurfu englarnir. Þá sögðu hirðarnir hver við annan: „Við skulum fara strax til Betlehem eins og engillinn sagði okkur.“ Þeir flýttu sér af stað og fundu Maríu og Jósef og barnið liggjandi í jötu. Hirðarnir sögðu frá því sem englarnir höfðu sagt um barnið og allir undruðust. Síðan fóru hirðarnir aftur til hjarðar sinnar. Þeir þökkuðu Guði fyrir það sem þeir höfðu heyrt og séð.

Vitringarnir koma til að sjá Jesúbarnið



Þegar Jesús var fæddur í Betlehem komu vitringar frá fjarlægum landi. Þeir hétu Kaspar, Melchior og Baltasar. Þeir höfðu séð nýja stjörnu. Þá hugsuðu þeir með sér að mikill konungur hlyti að vera fæddur. „Þennan konung ættum við að heimsækja“ sögðu þeir

hver við annan. Síðan lögðu þeir af stað til að leita hans.

Stjarnan vísaði þeim veginn til Betlehem þar sem Jesúbarnið var. Vitringarnir gengu inn í fjárhúsið og sáu barnið og Maríu. Þeir urðu mjög glaðir, krupu við jötuna hjá barninu og þökkuðu Guði. Síðan færðu þeir barninu gafir; gull, reykelsi og myrru.



Orðskýring

Myrra = þykk, gul viðarkvoða úr hitabeltistrjám, notuð sem ilmejni.